

Þriðjudaginn 18. apríl 1978.

Nr. 147/1976. **Hólmfríður Hrönn Ingvarsdóttir**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

gegn

Ingbór Arnari Sveinssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Axel Arnari Nielssyni og

Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f

(Hákon Árnason hrl.).

Bifreiðar. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. júlí 1976, að fengnu áfrýjunarleyfi 15. júní s. á. Krefst hann þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 791.689 krónur með 7% ársvöxtum frá 10. september 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Ingbór Arnar Sveinsson, sem varð lögráða eftir uppsögu héraðsdóms, fer með mál sitt sjálfur fyrir Hæstarétti. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að dómkröfur áfrýjanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður látinn falla niður.

Stefndu Axel Arnar Nielsson og Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Skaðabótaskylda.

Svo sem greinir í héraðsdómi, hlaut áfrýjandi líkamstjón í ökuslysi hinn 10. september 1972 skömmu eftir kl. 1 að nóttu til, og er það undirrót máls þessa. Ók stefndi Ingþór bifreið þeirri, er hlekkist á og áfrýjandi var farþegi í. Stefndi Ingþór var 16 ára, er þetta gerðist, og því ökuréttindalaus. Eigandi bifreiðarinnar var bróðir stefnda Ingþórs, meðstefndi Axel. Leyfði hann bróður sínum að flytja til bifreiðina A 3836 á bifreiðastæði við samkomuhúsið að Melum í Hörgárdal, en þá voru þau stefndi Ingþór og áfrýjandi í bílnum. Miða verður við, að stefndi Axel hafi farið frá þeim án þess að hyggja að, hverju fram vatt um færslu eða akstur bifreiðarinnar. Stefndi Ingþór ók bifreiðinni nú fram Hörgárdal „nokkurn spöl“, en sneri síðan við sömu leið til baka. Á þeirri leið ók hann út af veginum, og er atvikum að því svo og könnunum á vettvangi lýst í héraðsdómi eftir því sem sakargögn endast til. Hinn 8. nóvember 1972 sætti stefndi Ingþór vegna aksturs þessa 2.000 kr. sekt með dómssátt í sakadómi Akureyrar fyrir brot á 27. og 49. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 259. gr. almennra hegningarlaga. Auk þess var hann sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi til 20. október 1973. Ekki vikur sáttargerð þessi að broti á 219. gr. almennra hegningarlaga. Í skýrslu lögreglumanna, sem framkvæmdu könnun á vettvangi skömmu eftir slysið, er þess getið, að vegur sé malarborinn, myrkt hafi verið af nóttu, færi sé blautt, og veðurfari er svo lýst, að það hafi verið skýjað, stormur og regn. Stefndi Ingþór ók bifreiðinni A 3836 í umrætt skipti ökuréttindalaus við erfið akstursskiyrði. Vafalaust er, að áfrýjandi greiddi eigi ökugjald fyrir aksturinn.

Áfrýjandi skýrði svo frá fyrir lögreglunni á Akureyri hina 9. október 1972, að „sig minni, að Ingþór æki af stað frá samkomuhúsinu án þess að minnast nokkuð á, hvað hann hygðist fyrir, og hafi hún ekki sagt neitt við því, þótt henni væri kunnugt um, að hann hefði ekki ökuréttindi“. Þessa skýrslu staðfesti hún fyrir dómi hinn 21. júlí 1975. Í dómskýrslu 22. s. m. lét áfrýjandi svo um mælt, „að Ingþór hafi

ekið strax af stað, þegar hann hafi fært bílinn, og kveðst hún enga athugasemd hafa við það gert“.

Af gögnum máls verður ráðið, að stefndi Ingbór hafi haft nokkra reynslu af akstri dráttarvélar og jafnframt að hann hafi nokkrum sinnum áður ekið bifreiðinni A 3836, en óljóst er, hverja leikni hann hafði í bifreiðarakstri.

Með vísan til framanritaðs verður að telja, að stefndi Ingbór sé fébótaskyldur gagnvart áfrýjanda vegna heilsutjóns þess, er hún hlaut í framangreindu ökuslysi, sbr. 3. málsgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Af hálfu stefnda Ingbórs er því haldið fram, að áfrýjandi hafi fyrirgert bótarétti sínum, þar eð hún fór í ökuferð með ökumanni, sem hún vissi, að var ökuréttindalaus. Það var að vísu óforsjálmi af áfrýjanda að fara í ökuferð þessa með stefnda Ingbór. Þegar virt er, að stefndi Ingbór hafði nokkra leikni í akstri, og með vísan til atvika að öðru leyti þykir réttmætt, að áfrýjandi geti sótt Ingbór um helming tjóns síns.

Eigandi bifreiðarinnar A 3836, stefndi Axel, fól stefnda Ingbór að færa bifreiðina til á bifreiðastæðinu við samkomuhúsið að Melum, en hvarf á brott, áður en því verki var lokið. Ákvæði 2. málsgr. 69. gr. laga nr. 40/1968 á hér eigi við, og ber einnig að dæma stefnda Axel fébótaskyldan gagnvart áfrýjanda, sbr. 3. málsgr. 69. gr. laganna.

Áfrýjandi getur sótt stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f til greiðslu þeirra fébóta, sem hún á rétt á, sbr. 3. mgr. 70. gr., sbr. 2. málsgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

II.

Gögn um heilsutjón áfrýjanda, lækni meðferð, örorkumat og örorkuútreikning.

Áfrýjandi var þegar eftir slysið lögð á Fjórðungssjúkrahús Akureyrar til lækni meðferðar. Eigi hafa verið lögð fram gögn um þá lækni meðferð eða lækni fræðilegar kannanir á áfrýjanda þar. Hún var flutt á Landspítalann í Reykjavík 15. september s. á. og vistaðist þar til 6. október s. á. Þá var hún að nýju á sama sjúkrahúsi dagana 24.—26. október s. á. Um lækni fræðilegar athuganir á áfrýjanda og lækni meðferð þá, sem hún hlaut á sjúkrahúsinu á þessum tveimur

tímabilum, segir svo m. a. í vottorði Árna læknis Björnssonar frá 29. mars 1973:

„Við skoðun er ástandi lýst þannig: Sjúkl. er mjög illa leikin í andliti, marin, með glóðaraugu á báðum augum, og allar framtennur í efra skolti eru brotnar burtu. Þá er miðhluti efri kjálkans laus og andlitið flatt, sem bendir til, að hluti efri kjálkans hafi færst úr stað. Við skoðun á hrygg kom í ljós eymsli yfir mjóbakinu, en slasaða kvartaði um verki niður í hægri fót, og benti skoðunin til, að brjóskpófa-los væri í hryggnum. Þá voru eymsli við þreifingu á kviðarholi, en ekki var þar hægt að finna ákveðin einkenni um alvarlegan áverka. Röntgenmyndir sýndu brot á efri kjálka, á hrygg var ekkert sérstakt að sjá.

Gert var að áverkum stúlkunnar, þannig að efri kjálkinn var færður fram, og síðan voru kjálkabein fest saman og fest upp við höfuðkúpuna, og frá 18. 9. til 5. 10. 1972 hafði hún kjálkana bundna saman. Verkirnir í bakinu og niður í fótinn jöfnuðu sig smátt og smátt, meðan hún lá inni á sjúkrahúsinu, en líklegt verður að telja, að þeir hafi verið afleiðingar af slysinu.

Varanlegar afleiðingar af slysinu eru missir framtanna og ef til vill einhver skekkja í andliti sem afleiðing af kjálkabrotinu,“

Þá segir m. a. svo í vottorði sama læknis 1. júní 1973 um athaganir hans á áfrýjanda þann dag:

„Kvartanir í dag eru eftirfarandi: Slasaða segist hafa óþægindi í baki og finna fyrir máttleysi, ef hún reynir að lyfta einhverju þungu. Þessi óþægindi eru þó ekki stöðug, og ekki leggur neina verki niður í fætur. Slasaða segist einnig hafa nokkuð stöðugt tárarennslí úr vinstra auga og aukizt það, ef hún er úti við, sérstaklega í roki. Hún upplýsir, að gerð hafi verið tilraun til að opna táranganginn vinstra megin, en án árangurs. Engar sjóntruflanir. Slasaða telur ekki, að útlit sitt hafi breytt neitt verulega við slysið.

Skoðun:

Engin áberandi lýti eru í andliti (það skal tekið fram, að ekki er vitað um, hvernig slasaða leit út fyrir slysið). Gerð

hefur verið brú með tönnum fyrir framtennur, bæði í efra og neðra skolti, og er þit eftir þeim að dæma nokkuð eðlilegt. Kjálkahreyfingar eru eðlilegar. Smá ör eru eftir aðgerð við enda augabrúna utanvert háðum megin, en önnur ör eru ekki sýnileg. Ekki er annað athugavert að sjá.

Niðurstaða:

Um er að ræða afleiðingar af hilslysi, en þær eru stífluð tárögöng út frá vinstra auga, gervitennur fyrir framtennur í efra og neðra gömi, óþægindi í baki við vissar hreyfingar og áreynslu.

Hugsanlegt er, að hægt væri að opna tárögöngin frá vinstra auga, en að öðru leyti eru afleiðingarnar varanlegar.“

Hörður Þorleifsson augnlæknir hefur athugað áfrýjanda með hliðsjón af síðastgreindum afleiðingum. Segir svo m. a. í vottorði hans 29. júlí 1974:

„Við bifreiðaslys fyrir 2 árum brotnaði hún í andliti, og síðan hafa tárögöng vinstra megin verið lokuð, að sögn. Þegar hún liggur út af, eru tárögöng opin, en lokuð, þegar hún situr eða stendur, að öðru leyti er skoðun eðlileg. Hún virðist hafa haft talsverð óþægindi af tárarennisli af þessum sökum. Góðar líkur eru á, að ástand lagist fullkomlega við aðgerð, sem hún er heldur treg að fara í. Hún hefur ekki veruleg óþægindi að sögn nú.“

Á bæjarþingi Akureyrar 21. júlí 1975 getur áfrýjandi þess, að hún hafi verið skorin upp fyrir áramótin þá næst á undan vegna tárarennisli „og sé nú batnað af því og segist af þeim sökum hafa verið frá vinnu í tæpan hálfan mánuð“. Hún kveðst ennþá finna til í baki eftir slysið.

Hinn 8. ágúst 1975 framkvæmdi Björn Öundurson tryggingayfirlæknir örorkumat vegna heilsutjóns, er áfrýjandi hlaut í framangreindu slysi. Í ályktun tryggingayfirlæknisins segir m. a. svo:

„Slasaða er talin hafa verið óvinnufær í 2 mánuði vegna þessa slyss, eftir það telst starfsgeta hennar hafa verið verulega skert í 3 mánuði, og að lokum telst starfsgeta slösuðu ofurlítið skert varanlega.

Varanlegar afleiðingar slyss þessa eru þreytuverkur í baki,

einkum við áreynslu eða bogr. Þá kvartar slasaða og um dofa í hluta efri varar og dofa í hægra læri utanverðu. Við skoðun sjást ör á báðum gagnaugum, ca. 1½—2 cm hvort.

Ekki er talið, að um frekari bata á afleiðingum þessa slyss verði að ræða, og þykir því tímabært að meta nú þá tíma- bundnu og varanlegu örorku, sem slasaða telst hafa hlotið af völdum þessa slyss, og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi, 10/9 '72 í 2 mánuði	100%
Eftir það í 2 mánuði	50%
Eftir það í 2 mánuði	25%
Varanleg	5%“.

Guðjón Hansen tryggingastærðfræðingur hefur reiknað verðmæti tapaðra vinnutekna vegna slyss áfrýjanda. Segir m. a. svo um það í álitsgerð hans 27. september 1975 í bréfi, sem stílað er til lögmanns áfrýjanda í héraði:

„Hólmfríður er sögð fædd 16. mars 1955 og hefur samkvæmt því verið 17 ára gömul, er hún varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt upplýsingum yðar hefur hún lokið gagnfræðaskólaprófi. Af skattframtölum má sjá, að hún hefur stundað skólanám til vors 1972 og hafið síðan störf í apóteki. Samkvæmt ljósritum af skattframtölum fyrir starfsárin 1971—1974 hafa vinnutekjur hennar þau ár verið sem hér segir:

Árið 1971	kr.	55.033.00
— 1972	—	142.124.00
— 1973	—	317.411.00
— 1974	—	527.240.00

Að undanskildum kr. 17.305.00 á árinu 1974 eru ofangreindar tekjur 1972—1974 launagreiðslur frá Akureyrar Apóteki.

Tekjur Hólmfríðar fyrir slysið eru að sjálfsögðu ekki not- hæfur grundvöllur áætlunar tekna fram í tímann. Samkvæmt framanrituðu hefur hún hins vegar starfað samfleytt í apóteki frá því fyrir slysið, og tel ég því eðlilegt að miða áætlun við launakjör verzlunarfólks. Hef ég gert ráð fyrir

byrjunarlaunum aðstoðarfólks í verzlunum sumarið 1972 og eftir það eðlilegum hækkunum upp í 4. launaflokk í ársbyrjun 1975. Gera verður ráð fyrir, að starf í apóteki hafi í för með sér nokkra yfirvinnu, en samkvæmt upplýsingum yðar er yfirvinna 4—6 tímar á mánuði. Hef ég af þessum sökum bætt 5% ofan á hin föstu mánaðarlaun. Þegar tillit er tekið til starfsaldurshækkana svo og launabreytinga frá slysdegi að meðtalinni umsaminni hækkun 1. október n.k., reiknast mér árstekjur með þessu móti verða sem hér segir:

Árið 1972, frá slysdegi	kr. 248.623.00
Árið 1973	— 298.705.00
— 1974	— 456.964.00
— 1975	— 657.805.00
— 1976	— 735.160.00
— 1977	— 742.650.00
— 1978	— 750.141.00
— 1979	— 757.632.00
Eftir þann tíma	— 765.122.00

Samanburður við skattframtöl sýnir, að árin 1973 og 1974 hafa raunverulegar vinnutekjur Hólmfríðar reynzt nokkra hærri en þessi áætlun.

Miðað við ofangreindan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við áður nefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema:

Vegna tímabundins orkutaps í 6 mánuði eftir slysið	kr. 72.741.00
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma ..	— 373.257.00
	<hr/>
	Samtals kr. 445.998.00

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra kvenna 1951—1960. Ársvextir eru reiknaðir 7% frá slysdegi til 16. maí 1973, en 9% eftir þann tíma. Ennfremur hef ég athugað, hver áhrif það mundi hafa á niðurstöðu, ef reiknað væri með 7% ársvöxtum frá

slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum eftir þann tíma. Reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna lækka við það um því sem næst 22.5% frá því, er að ofan greinir.“

III.

Skaðabætur.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar í máli þessu svo:

1. Ferðakostnaður	21.626 kr.
2. Læknisvottorð	1.995 —
3. Kostnaður vegna tannviðgerða	72.070 —
4. Atvinnutjón	445.998 —
5. Miskabætur	250.000 —

Alls 791.689 kr.

Fjárkröfur þessar hafa allar sætt andmælum, nema 2. liður, sem taka ber til greina að fullu.

Um 1. lið.

Þessi liður er studdur ýmsum reikningsgögnum, en áfrýjandi hefur eigi tekið saman glöggð reikningsyfirlit yfir þennan kostnað, svo sem vera ber. Eftir atvikum þykir þó rétt að taka þennan lið til greina að fullu.

Um 3. lið.

Reikningsgögn hafa verið lögð fram út af tannviðgerðum, sem talið er, að framkvæmdar hafi verið á áfrýjanda vegna afleiðinga slyssins. Sætir reikningur 18. ágúst 1975 að fjárhæð 10.905 krónur „fyrir tannlækningar á tímabilinu 20/6 — 31/7 '75“ sérstökum andmælum stefndu. Þrátt fyrir andmæli þessi hefur eigi verið gerð nein grein fyrir því af hálfu áfrýjanda, hvers konar tannlækni meðferð hér sé um að ræða eða tengsl hennar við slysið og afleiðingar þess fyrir áfrýjanda. Þykir því eigi unnt gegn andmælum stefndu að taka þennan kröfubátt til greina. Lækkar kröfufullðurinn sam-

kvæmt því um 10.905 krónur, og þykja bætur samkvæmt þessum lið réttilega ákveðnar 61.165 krónur.

Um 4. lið.

Auk örorkumats og örorkuútreiknings, sem reifuð eru hér að framan, nýtur við í máli þessu skattframtala áfrýjanda árin 1972—1975, að báðum meðtöldum. Þegar gögn máls eru virt, þykja bætur vegna atvinnutjóns áfrýjanda hæfilega ákveðnar 300.000 krónur.

Um 5. lið.

Hér að framan eru greind læknisgögn um ákomur á áfrýjanda af völdum slyssins og heilsutjón hennar og svo sjúkrasaga hennar. Þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar 100.000 krónur.

Tjón áfrýjanda samkvæmt 1.—5. kröfulið nemur samkvæmt þessu alls 484.786 krónum (21.626 + 1.995 + 61.165 + 300.000 + 100.000 krónur). Ber hinum stefndu, Ingbór, Axel og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, að greiða áfrýjanda óskipt helming þeirrar fjárhæðar, 242.393 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 10. september 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 200.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Ingbór Arnar Sveinsson, Axel Arnar Niels-son og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði óskipt áfrýjanda, Hólmfríði Hrönn Ingvarsdóttur, 242.393 krónur ásamt 7% ársvöxtum frá 10. september 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, alls 200.000 krónur, allt að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Benedikts Sigurjónssonar og
Björns Sveinbjörnssonar.

Áfrýjandi, sem sjálf hafði ökuleyfi, vissi, að stefndi Ingþór Arnar Sveinsson hafði ekki ökuréttindi fyrir æsku sakir. Þar sem hún samt sem áður fór með honum í ökuferð þá, sem í héraðsdómi greinir, tók hún á sig áhættu, sem veldur því, að hún getur hvorki krafist skaðabóta úr hendi stefnda Ingþórs Arnars né stefnda Axels Arnars Nielssonar. Þá leiðir af framansögðu, að áfrýjandi getur heldur ekki krafist stefnda Sjóváttryggingarfélag Íslands h/f um bætur samkvæmt 3. mgr. 70. gr., sbr. 2. mgr. 74. gr. laga nr. 40/1968.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, en rétt er, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1976.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. janúar sl., hefur Ingvar Sigmarsson verslunarmaður, Helgamagrastræti 46, Akureyri, f. h. ólög-ráða dóttur sinnar, Hólmsfríðar Hrannar, Helgamagrastræti 46, Akureyri, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 7. nóvember 1974, á hendur Axel Arnari Nielssyni, Brekkugötu 6, Akureyri, og Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f, Reykjavík, og með meðalgöngustefnu, útgefinni 25. mars 1975, á hendur Birnu Sigurvinsdóttur húsrú, Brekkugötu 6, Akureyri, f. h. ólög-ráða sonar hennar, Ingþórs Arnars Sveinssonar iðnnema, Kringlumýri 21, Akureyri, og að lokum með framhaldsstefnu, útgefinni 6. október 1975, á hendur öllum áðurgreindu stefndu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að öll hin stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda kr. 793.259 með 7% ársvöxtum frá 10. september 1972 til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ eða reikningi.

Af hálfu allra hinna stefndu eru gerðar þær dómkröfur, að

þau verði algerlega sýknuð af öllum kröfum stefnanda og til-
dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Auk þess er af hálfu
stefndu Birnu Sigurvinsdóttur f. h. ólöggráða sonar hennar, Ing-
þórs Arnars Sveinssonar, gerð sú varakrafa, að dómkröfur stefn-
anda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá látinn niður
falla.

Undir rekstri málsins hefur stefnandi Hólmfríður Hrönn orðið
löggráða og tekið við rekstri máls síns sjálf.

Málsatvik eru þessi:

Aðfaranótt 10. september 1972 ók stefndi Ingbór Arnar, þá
ökuréttindalaus, bifreiðinni A 3836 út af vegi í Hörgárdal. Var
stefnandi, Hólmfríður, ein farþegi í bifreiðinni. Eigandi bifreiðar-
innar var bróðir ökumanns, stefndi Axel Arnar. Við útafakstur-
inn hlaut stefnandi, Hólmfríður Hrönn, meiðsli, kjálkabrotnaði
og skarst í andliti, fékk högg á kvið og særðist í baki. Ökumaður,
Ingbór Arnar, hlaut einnig meiðsli, og voru þau bæði flutt á
sjúkrahús. Lögreglumenn fóru þegar á vettvang, og fór fram lög-
reglurannsókn vegna slyssins.

Í skýrslu Ófeigs Baldurssonar lögreglumanns, sem fór á vett-
vang, segir: „Þarna hafði orðið umferðarslys á þjóðveginum í
Hörgárdal, stuttu austan við félagsheimilið Mela í Hörgárdal.
Hafði það orðið með þeim hætti, að bifreiðinni A 3836 var ekið
norður þjóðveginn í Hörgárdal. Stuttu austan við Mela eru gatna-
mót, þar sem áðurgreindur vegur kemur inn á þjóðveg, sem
liggur frá austri til vesturs á mótis við Mela. Þarna hafði bifreið-
in A 3836 farið beint norður af gatnamótunum og stöðvast í
moldarbarði um 20 metra frá veginum. Miklar skemmdir hlutust
á bifreiðinni við útafaksturinn, og mun hún vera nærri ónýt. Þar
sem bifreiðin fór beint út af veginum, kom hún niður á hjólin og
stöðvaðist án þess að velta. Þegar lögreglan kom á staðinn, voru
ökumaður og farþegi komnir heim að Melum. Ekki var hægt
að taka skýrslur af ökumanni eða farþega, þar sem þau virtust
bæði nokkuð meidd og miður sín eftir útafaksturinn. Undirrita-
ur hafði tal af Halldóri Halldórssyni, Lækjarbakka, Akureyri.
Hann kvaðst hafa verið umráðamaður bifreiðarinnar A 3836 nú
í kvöld, þar sem hann hefði verið fenginn til að aka bifreiðinni
fyrir eiganda hennar vestur að Melum, en þar var haldinn dans-
leikur. Halldór kvaðst hafa lagt bifreiðinni þarna úti fyrir sam-
komuhúsinu á Melum nú í kvöld. Ekki hefði verið hægt að læsa
bifreiðinni og engan lykil hefði þurft til að gangsetja hana. Hal-
ldór sagði, að bifreiðin hefði verið tekin þarna um kvöldið, án

þess að hann vissi og hefði hann ekkert vitað um þessa ökuferð fyrir en eftir að slysið varð. Þá hafði undirritaður einnig tal af eiganda bifreiðarinnar, Axel Arnari Sveinssyni, en hann er bróðir ökumanns A 3836 í umrætt sinn. Arnar sagði, að Ingbór hefði tekið bifreiðina án síns leyfis og hefði hann ekkert vitað um þetta fyrir en bróðir sinn og stúlkan, sem með honum var, komu heim að Melum eftir slysið. Ekki munu neinir sjónarvottar hafa verið að þessu slysi.“

Við yfirheyrslu hjá lögreglu skýrði stefndi Ingbór Arnar svo frá, að hann hafi „farið sl. laugardagskvöld að Melum í Hörgárdal, en þar var þá haldinn dansleikur. Mættur segist hafa verið farþegi í bifreiðinni A 3836, sem sé eign bróður síns, Axels. Hafi Axel einnig verið í bifreiðinni, en henni hafi ekið að Melum piltur, sem kallaður sé Dolli, sé hann héðan frá Akureyri, en ekki segist mættur vita frekari deili á honum. Mættur segir, að skömmu fyrir kl. 01.00 hafi hann tekið umrædda bifreið við samkomuhúsið á Melum. Segist mættur hafa ekið þessari bifreið nokkrum sinnum heima við á Djúpárbakka og hafi sér verið kunnugt um, að enga lykla þurfti til að gangsetja bifreiðina. Mættur segir nú, að þar sem bifreiðinni var lagt við Mela, hafi hún verið þannig staðsett, að hún hafi hindrað akstur bifreiða inn og út um hluta bifreiðastæðisins, og segist mættur hafa fengið leyfi bróður síns Axels til að færa bifreiðina, svo að hún væri ekki fyrir. Mættur segir, að Hólmfríður Ingvarsdóttir, Helgamagrastræti 43, hafi verið með sér í bifreiðinni, þegar hann færði hana og þegar bifreiðin hafi verið komin af stað hafi sér komið til hugar að renna stutta ökuferð frá Melum. Segist mættur hafa stungið upp á því við Hólmfríði, að þau færu í stutta ökuferð, og hafi hún samþykkt það. Mættur segir, að þegar hann hafi komið austur fyrir Hörgárbrúna hjá Melum, hafi hann beygt suður Hörgárdal að austan og ekið þar einhvern spöl, en síðan snúið við og hafi hann ætlað aftur heim að Melum. Mættur segist hafa tekið svo seint eftir gatnamótunum austan Hörgárbrúarinnar, þegar hann kom til baka, að hann hafi orðið hræddur um, að bifreiðin mundi velta, þegar hann byrjaði að taka beygjuna, svo að hann hafi hætt við að leggja á bifreiðina til vinstri og látið hana fara norður af kantinum. Aðspurður segist mættur ekki gera sér grein fyrir, hvað hraðinn hafi verið mikill á bifreiðinni, þegar hann kom á gatnamótin umræddu. Segist hafa litið á hraðamælinn nokkru áður og hafi hann þá sýnt um 70 km miðað við klst, en kveðst ekki geta sagt um það, hvort hann hafi dregið úr hraða eða aukið hann

eftir það. Mættur segist hafa fengið mikið högg, er bifreiðin fór út af, og misst meðvitund, en þegar hann hafi rankað við sér aftur, hafi hann verið inni í bifreiðinni ásamt Hólmfríði, sem hafi verið slösuð og grátandi. Mættur segist hafa komið Hólmfríði heim að Melum, þar sem hann hafi ekki þorað að skilja við hana, meðan hann færi að sækja hjálp. Aðspurður segist mættur ekki hafa neytt áfengis, er þetta skeði, segist vera vanur að aka dráttarvélum og eins og fyrr segi, hafi hann ekið þessari bifreið nokkrum sinnum heima við. Aðspurður segir mættur, að hann viti ekki til þess, að Hólmfríður hafi verið búin að neyta áfengis, er þetta skeði, og staðhæfði, að Hólmfríður hafi ekki ekið bifreiðinni í umræddri ökuferð. Mættur segist hafa verið á F.S.A. frá því slysið skeði og þar til s.l. miðvikudag, en Hólmfríður dvelji enn á sjúkrahúsi.“

Skýrslu þessa gaf stefndi Ingbór Arnar föstudaginn 15. september 1972.

Stefndi Axel Arnar gaf skýrslu hjá lögreglu sama dag og slysið varð. Skýrir hann svo frá, að hann sé eigandi bifreiðarinnar A 3836, sem ekið var út af veginum við Mela í Hörgárdal sl. nótt (sic). Um kl. 2400 hafi hann komið á dansleikinn á Melum í gærkvöldi (sic). Hafi hann verið í bifreið sinni, A 3836, en henni hafi ekið Halldór Halldórsson frá Lækjarbakka hér innan við Akureyri. Einnig hafi verið þar Ingbór Arnar Sveinsson, bróðir hans. Þegar þeir hafi farið inn á Melum, hafi Halldór gengið frá bifreiðinni. Engir lyklar hafi verið til að læsa bifreiðinni, hafi þeir orðið eftir heima, en ekki þurfti lykil til að setja straum á bifreiðina, en aftur á móti sé hægt að læsa henni, ef lyklar eru fyrir hendi. Þegar klukkan var rúmlega 0100, hafi komið þarna í húsið Ingbór bróðir hans og með honum Hólmfríður Ingvarsdóttir. Hafi þau verið illa til reika, blætt úr báðum og hafi þau verið með áverka í andliti. Hafði hann fengið þær upplýsingar hjá þeim, að Ingbór Arnar hefði farið í bifreiðinni og ekið henni út af veginum. Hafi hann ekið eitthvað fram í Hörgárdal, sennilega samt ekki langt, og þegar hann kom aftur til baka, hafi hann farið norður af veginum við mót veganna austur í Öxnadalinn og framan úr Hörgárdalnum að austan. Skömmu áður en þetta gerðist, hafi hann farið út í bifreiðina og þess vegna geti Ingbór ekki hafa farið langt á bifreiðinni. Þau Hólmfríður og Ingbór hafi verið í bifreiðinni, þegar hann fór í hana í fyrrgreint sinn, og hafi hann leyft Ingbóri að bakka bifreiðinni inn í stæði þarna við húsið, þar sem hann taldi, að hún stæði betur. Ekkert leyfi hefði hann haft til að fara

á bifreiðinni. Þau Hólmfríður hafi bæði verið flutt á sjúkrahús og séu þar enn. Bifreiðin A 3836 sé ónýtt. Hún hafi farið fram af allháum kanti og lent þar í hálfgerðri grjóturð. Þó hafi hún ekki farið af hjólunum. Telur mættur (sic) öruggt, að Ingbór hafi ekki verið undir áhrifum áfengis.

Þann 9. október 1972 var stefnandi, Hólmfríður Hrönn, yfirheyrð af lögreglu. Skýrir hún svo frá, að hún muni vel eftir atvikum að slysinu þann 10. september sl. Hún segist hafa farið á dansleik að Melum í Hörgárdal laugardagskvöldið 9. september sl. Hún segist hafa hitt þar Ingbór Arnar Sveinsson frá Djúpárbakka, en honum hafi hún verið kunnug. Um kl. 1 eftir miðnætti hafi þau farið saman út úr samkomuhúsinu og sest inn í bifreiðina A 3836, sem hafi staðið þar skammt frá, en henni hafi verið kunnugt um, að bróðir Ingbórs, Axel, væri eigandi hennar. Eftir nokkra stund hafi Axel komið til þeirra og sagt, að færa þyrfti bifreiðina vegna annarra, er ekki komust að bílastæðinu. Hafi Ingbór ekið bílnum nokkra metra með samþykki Axels. Ekki segist hún muna, hvort Ingbór stöðvaði eða hvort hann hélt áfram á brott frá samkomuhúsinu, en hann hafi að minnsta kosti ekki stöðvað hreyfilinn, áður en hann hélt af stað og þá inn Hörgárdalinn. Þar hafi hann snúið við, en á leiðinni til baka hafi hann misst vald á bifreiðinni í vegarþeygju, svo að hún steypist fram af vegarkanti, en valt þó ekki. Hún segist hafa fengið svo mikið högg, að hún hafi misst meðvitund. Eftir það kveðst hún lítið sem ekkert muna þar til daginn eftir í sjúkrahúsinu, en hún kveðst hafa hlotið mikil meiðsli á andlit og hrygg. Hún segist hafa verið flutt í Landspítalann í Reykjavík tæpri viku eftir slysið og komið þaðan sl. föstudag, en þurfi að fara þangað aftur a. m. k. tvisvar sinnum til læknisáðgerðar vegna slyssins. Aðspurð segist hún ekki hafa neytt neins áfengis kvöldið eða nóttina, sem slysið varð. Hún segist ekki vita til þess, að Ingbór hafi neytt þess heldur og ekkert áfengi hafi verið með í ökuferð þeirra. Hún segir, að Axel muni hafa farið á brott strax eftir að hann hafi gefið Ingbór leyfi til þess að færa bifreiðina til við húsið. Sérstaklega aðspurð segir hún, að sig minni, að Ingbór æki af stað frá samkomuhúsinu án þess að minnast nokkuð á, hvað hann hygðist fyrir, og hafi hún ekki sagt neitt við því, enda þótt henni hafi verið kunnugt um, að hann hafði ekki ökuréttindi. Hún segist ekki hafa lítið á hraðamælinn áður en slysið varð, en giskar á, að hraðinn hafi verið um 70 km miðað við klst. Hún segist sjálf hafa ökuréttindi og hafa ekið að staðaldri síðastliðna 6 mánuði. Hún segir nú, að

Ingbór hafi snúið við að hennar beiðni, er þau höfðu ekið nokkurn spöl inn í dalinn, og kom hvort tveggja til, að hún taldi, að samferðafólk hennar færi að fara frá Melum og einnig að henni fannst Ingbór aka nokkuð hratt.

Yfirheyrslur í máli þessu fóru fram hér fyrir dómi dagana 21. og 22. júlí 1975.

Stefnandi, Hólmfríður Hrönn, og stefndu Axel Arnar og Ingbór Arnar staðfestu þar öll skýrslur sínar, sem þau gáfu fyrir lögreglu og áður er lýst, að öðru leyti en því, að stefndi Ingbór Arnar kvaðst ekki hafa átt uppástunguna að því að fara í umrædda ökuferð, heldur hafi verið um samantekin ráð þeirra að ræða, og kvaðst hann ekki geta fullyrt um, hver hafi átt uppástunguna.

Stefnandi, Hólmfríður Hrönn, kvað Ingbór hafa ekið strax af stað, þegar hann hafði fært bílinn, og kvaðst hún enga athugasemd hafa við það gert.

Stefndi Axel Arnar skýrði svo frá, að hann hefði ekki séð Ingbór aka af stað. Kvað hann bifreiðina ekki hafa verið fyrir umferð, þar sem hún stóð, en ef til vill hafi hún staðið betur upp við húsið. Kvaðst hann hafa verið búinn að eiga bifreiðina í tæpt ár og átt hana einn. Kvað hann Ingbór áður hafa ekið bifreiðinni um túnið á Djúpárbakka. Kvaðst hann hafa ætlast til þess, að Hólmfríður æki bifreiðinni, þegar hann gaf samþykki sitt til, að hún yrði færð. Kvaðst hann hafa tekið þetta fram, kvað bæði Hólmfríði og Ingbór hafa setið í framsæti bifreiðarinnar, Hólmfríði úti við farþegadyrnar og Ingbór þétt upp við hana, en hvorugt þeirra hafi setið undir stýri.

Á grundvelli framangreindrar lögreglurannsóknar var stefndi Ingbór Arnar Sveinsson kvaddur fyrir sakadóm Akureyrar þann 8. nóvember 1972. Undirgekkst hann þar dómssátt, þar sem hann téllst á að greiða 2.000 kr. sekt til ríkissjóðs og vera sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi til 20. október 1973 fyrir brot á 27. gr. og 49. gr. umferðarlaga og 259. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og áður greinir, slasaðist stefnandi í framangreindu slysi, og er málið höfðað til greiðslu á tjóni því, er hún telur sig hafa orðið fyrir af völdum slyssins.

Kröfu sína á hendur stefnda Ingbór Arnari byggir stefnandi á því, að hann hafi valdið slysinu með ógætilegum akstri, sem varði við 37. og 49. gr. umferðarlaga, en bótaábyrgð stefnda Axels Arnars byggir stefnandi á hinni objectivu bótaábyrgð 67. og 69. gr. umferðarlaganna, þar sem stefnandi, Hólmfríður Hrönn, hafi verið farþegi, og sé málið höfðað jafnframt gegn Sjóvátryggingar-

félagi Íslands h/f sem ábyrgðartryggjanda A 3836 samkvæmt heimild í 2. mgr. 74. gr. umferðarlaganna.

Við munnlegan flutning málsins rökstuddi lögmaður stefnanda einnig bótakröfu sína á hendur stefnda Axel Arnari með því, að um sök væri að ræða hjá honum, þar sem hann hefði sýnt af sér gáleysi með því að skilja við bróður sinn í bifreiðinni, þannig útbúinni að hægt var að gangsetja hana án þess að hafa lykla. Einnig hafi hann sýnt af sér gáleysi með því að fela bróður sínum, Ingþór Arnari, að færa bifreiðina til á bifreiðastæðinu og megi rekja slysið til þessa gáleysis stefnda Axels Arnars.

Helstu rök stefndu Axels Arnars og Sjóvátryggingarfélags Íslands h/f fyrir sýknukröfu sinni eru þessi:

1. Að sýkna beri þessa stefndu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga, þar sem bifreiðin hafi verið notuð í heimildarleysi og fébótaskylda samkv. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga hafi færst yfir á notandann, sbr. 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga, en það leiði til sýknu þeirra.
2. Í öðru lagi er sýknukrafan á því byggð, að stefnandi, Hólmfríður Hrönn, hafi verið farþegi í bifreiðinni án gjaldtöku og samkv. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaga eigi hún því engan bótarétt samkvæmt hinni objectivu ábyrgðarreglu 1. mgr. 67. gr. umferðarlaga og leiði það einnig til sýknu.
3. Loks er því haldið fram, að stefnandi, Hólmfríður Hrönn, hafi fyrirgert hugsanlegum bótarétti sínum með því að taka á sig stórkostlega áhættu (accept of risico), er hún vitandi vits lagði upp í ökuferð með réttindalausum unglingi, er var ófær um að stjórna ökutæki, og gerðist þannig meðvöld og með-ábyrg á slysinu, en það leiði til sýknu samkv. 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga og reglna skaðabótaréttarins um samþykki tjónþola. Í þessu sambandi er á það bent, að hegðun Hólmfríðar Hrannar hljóti að teljast sérlega ámælisverð í ljósi þess, að sjálf hafði hún ökuréttindi og vissi, að stefndi Ingþór Arnar var ökuréttindalaus, en samþykkti eigi að síður að ferðast með honum í bifreiðinni.

Af hálfu þessara stefndu er þeim rökstuðningi stefnanda algerlega mótmælt, að rekja megi slysið með nokkrum hætti til gáleysis stefnda Axels Arnars.

Stefndi Ingþór Arnar rökstyður sýknukröfu sína þannig:

Eins og fram komi í skjölum málsins hafi stefnanda verið fullkunnugt um, að Ingþór Arnar hafði hvorki ökuréttindi né aldur til að hafa þau. Samt sem áður hafi hún verið reiðubúin til að

fara í ökuferð með honum í náttmyrkri og við allar hinar verstu aðstæður. Í lögregluskýrslu komi fram, að skýjað hafi verið, stormur, rigning og færi blautt. Þess beri sérstaklega að gæta, að stefnandi, Hólmfríður Hrönn, hafi haft ökuréttindi og megi líkja þessu við, að allsgáður maður fari sem þarþegi í ökuferð með ölvuðum öikumanni. Þá beri að gæta þess, að stefnanda, Hólmfríði Hrönn, hafi verið kunnugt um eða mátt vera kunnugt um, að stefndi Ingbór Arnar fór í umrædda ökuferð í heimildarleysi. Verði því að telja, að stefnandi eigi sjálf það mikinn þátt í slysinu, að hún verði að bera tjón sitt sjálf. Er í þessu sambandi aðallega vísað til 3. mgr. 67. gr. umferðarlaga svo og almennra reglna skaðabótaréttarins um, að bætur falli niður, sé tjónþoli meðvaldur að tjóninu.

Þá er þess að lokum að geta, að allir hinir stefndu mótmæla því, að stefnandi hafi orðið fyrir nokkru fjárhagslegu tjóni eða tekjumissi vegna slyssins, enda leiði skattframtöl stefnanda hið gagnstæða í ljós.

Samkvæmt þeim gögnum, sem að framan eru rakin, verður að telja upplýst, að stefndi Ingbór Arnar hafði ekki heimild bróður síns, stefnda Axels Arnars, til þess að fara í umrædda ökuferð á bifreið hans, A 3836, en slysið vildi til í ökuferð þessari. Verður því að telja, að 2. mgr. 69. gr. umferðarlaga eigi hér við. Þá verður ekki á þau rök stefnanda fallist, að gáleysi stefnda Axels Arnars hafi leitt til slyssins, þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, að hann hefði átt að sjá fyrir þessar afleiðingar þess að skilja bróður sinn eftir í bifreiðinni í umrætt sinn, þótt ekki væri þannig frá henni gengið, að akstur hennar væri óframkvæmanlegur.

Ber af framangreindum ástæðum að sýkna stefndu Axel Arnar og Sjóvátryggingarfélag Íslands af kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og að framan er rakið, hlaut stefndi Ingbór Arnar refsingu í sakadómi Akureyrar fyrir að taka bifreiðina A 3836 ófrjálsri hendi í greint sinn og aka henni ógætilega og of hratt með þeim afleiðingum, sem að framan eru raktar. Verður að telja þessa hegðun stefnda Ingbórs Arnars slíka, að hún leiði til bótaskyldu samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins. Á hinn bóginn ber á það að líta, að stefnandi vissi, að stefndi Ingbór hafði ekki ökuréttindi sökum ungs aldurs. Hún hafði sjálf ökuréttindi og nokkra reynslu í akstri bifreiða og var því bæði ljóst, að stefndi Ingbór gerðist brotlegur við umferðarlög með því að aka bifreiðinni svo og hvílík áhætta var því samfara, að unglíngur án ökuréttinda og reynslu í akstri æki bifreið eftir þjóðvegi. Þá mátti

henni einnig vera ljóst eftir öllum aðstæðum, að stefndi Ingbór hafði ekki beina heimild eiganda bifreiðarinnar til akstursins. Þrátt fyrir allt þetta fór hún sjálfviljug í greinda akstursferð með stefnda Ingbór Arnari. Með háttarni sínu verður að telja, að stefnandi hafi gerst meðábyrg í gerðum stefnda Ingbórs Arnars og sjálfviljug tekið á sig þá áhættu, sem því fylgdi. Þá er þess að geta, að stefndi Ingbór slasaðist sjálfur við útafaksturinn, og verulegt tjón varð á bifreiðinni.

Að öllu framangreindu virtu þykir stefnandi ekki eiga rétt til bóta úr hendi stefnda Ingbórs Arnars í máli þessu þrátt fyrir almenna skyldu stefnda Ingbórs til að bæta tjón, er af verknaði hans hlaut, samkvæmt almennum reglum bótaréttarins.

Ber því einnig að sýkna stefnda Ingbór Arnar af kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða dómsins er því sú, að sýkna beri alla hina stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu.

Rétt þykir með hliðsjón af málsatvikum öllum, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Stefnda, Birna Sigurvinsdóttir f. h. ólögráða sonar síns, Ingbórs Arnars Sveinssonar, Axel Arnar Nielsson og Sjónváttryggingarfélag Íslands h/f, eiga að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hólmfríðar Hrannar Ingvarsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 19. apríl 1978.

Nr. 77/1978. **Ákærvaldið**
 gegn
Lárusi Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson og Magnús Þ. Torfason.